



## FUNDARGERÐ

**2. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps  
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , 10. september 2018  
og hófst hann kl. 16:30.**

### Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson aðalmaður, Steindór Tómasson aðalmaður og Guðmundur Gíslason aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sát fundinn Klara Viðarsdóttir sem kynnti rekstraryfirlit. Þá tók Guðni G. Kristinsson þátt í fundinum í gegnum Skype.

### Dagskrá:

#### 1. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 31082018 - 1809007

*Rekstur veitunnar fram til loka ágústmánuðar 2018.*

Farið var yfir stöðu rekstrar og fjárfestingar eftir fyrstu átta mánuði ársins.

#### 2. Framkvæmdaáætlun 2017-2026 - 1702029

*Lokahönnun, gerð útboðsgagna og verkefnisstjórn.*

Fyrir liggur verðkönnun meðal verkfræðistofa á lokahönnun og gerð útboðsgagna vegna Lækjarbotnaveitu. Niðurstaðan er að hagkvæmast er að semja við Hnit verkfræðistofu um verkið. Stjórn samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Hnit verkfræðistofu um verkið og felur ÁS að ganga frá samningi í samræmi við umræður á fundinum.

#### 3. Málefni notenda vatnsveitu - 1709022

*Útibryningar ofl.*

Rætt var um það fyrirkomulag sem verið hefur á þjónustu varðandi brynningartæki utanhúss og gjaldtöku af þeim. Ljóst er að erfitt er að fylgja eftir núverandi reglum og þær hafa ekki náð að draga úr m.a. sírennsli sem er stærsta vandamálið. Ákveðið að taka reglurnar til endurskoðunar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og óskar stjórnin eftir að starfsmenn veitunnar leggi fram minnisblað á næsta fundi um leiðir til úrbóta.

#### 4. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2019 - 1809009

Rætt um forsendur fjárhagsáætlunar næsta árs en samþykktir veitunnar gera ráð fyrir að fjárhagsáætlun sé send sveitarstjórnnum fyrir 15. október. Ákveðið að næsti fundur stjórnar, sem áætlaður er mánudaginn 1 október, verði helgaður umræðu um gjaldskrá.

#### 5. Vatnsmiðlunargeymir Fögrubrekku - samningur um landspildu - 1808051

*Samningur við landeigendur.*

St. 1

Kynntur samningur við eigendur Hjallaness 2 um lóð undir vatnsmiðlunartank í Fögrubrekku. Stjórn veitunnar staðfestir fyrirbyggjandi samning.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.**

  
Haraldur Eiríksson

  
Steindór Tómasson

  
Guðmundur Gíslason

\_\_\_\_\_